

**52**  
8. maí **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-**  
**amtinu um flutning þingstaðar.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmað-  
ur, í brjefi, dagsettu 30. marz þ. á., meðmælum sýslumannsins í Norðurmúlasýslu  
og beiðni hreppsnefndarinnar í Hjaltastaðarhreppi, vil jeg hjermeð samþykkja  
að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hjaltastað að Kóreksstöðum, þó  
með því skilyrði að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þing-  
halda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**53**  
8. maí **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-**  
**amtinu um flutning þingstaðar.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmað-  
ur, í brjefi, dagsettu 30. marz þ. á., meðmælum sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu  
og beiðni hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi, vil jeg hjermeð samþykkja, að  
þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hrafnagili að Grund, þó með því skil-  
yrði að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hin-  
nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**54**  
21. maí **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um neitun á**  
**staðfesting á lagafrumvarpi um friðun fugla og hreindýra.** Með  
brjefi herra landshöfðingjans, dagsettu 30. septbr. f. á., meðtók ráðaneytið frum-  
varp til laga um friðun fugla og hreindýra, sem borið hafði verið upp af þing-  
manna hálfu, og samþykkt var af alþingi síðastliðið sumar. Mæltuð þjer með  
því, að ráðaneytið legði það til að lagafrumvarp þetta hlyti allrahesta stað-  
festing.

Í október f. á. kom svo til ráðaneytisins erindi frá sýslunefndinni og  
hreppsnefndinni í Vestmannaeyjum um, að frumvarpið yrði ekki að lögum, með því  
að hinn lengdi friðunartími fyrir lunda í júní og júlí, er ákveðinn er í frumvarpinu, ein-  
mitt hitti á bezta veiðitímann, og mundi það fara alveg með atvinnugrein, er þýðing-  
armikil væri fyrir eyjarnar. Meðal annars mundi slíkt friðunarákvæði, er hlyti  
að hafa sömu áhrif sem forboð, svipta leiguliða landssjóðs svo verulegri tekju-  
grein, að jafnvel mundu koma fram kröfur um endurgjald af landssjóði. Um  
þetta áleit ráðaneytið rjett að gjöra yður kunnugt, áður en afráðið væri um  
frumvarpið.

Með brjefi, dagsettu 9. febr. þ. á., hafði þjer síðan ennfremur sent til  
ráðaneytisins brjef, er til yðar hefir komið frá justitiarius í landsyfirrjettinum  
Sveinbjörnsson, þar sem hann, sem er sjerlega fróður um allt viðvikjandi veiði  
og fuglatöku á Íslandi, svo sem meðeigandi nokkurra fuglaeyja í nánd við  
Reykjavík lýsir því, að hann sje með öllu samdóma hinum framkomnu aðfinnslum.  
Gjörir hann nánari grein fyrir lífi lundans og sýnir fram á, að fullorðni geld-  
fuglinn, sem veiddur er á hinum nefndu eyjum, og í Vestmannaeyjum, veiðist helzt